

Nr. 624

20. júní 2014

AUGLÝSING um deiliskipulag miðbæjarins á Selfossi, Sveitarféluginu Árborg.

Á fundi bæjarstjórnar Sveitarfélagsins Árborgar 30. apríl 2014 var samþykkt deiliskipulag miðbæjarins á Selfossi.

Tillagan nær til svæðis sem afmarkast af Eyravegi og Austurvegi til norðurs og aðliggjandi íbúðarlóðum við Tryggvagötu til austurs, Sunnuvegi til suðurs og Kirkjuvegi til vesturs. Skipulags-svæðið er alls um 5,57 ha að flatarmáli.

Meginmarkmið skipulagsins er að styrkja miðbæ Selfoss með heilsteyptu skipulagi en skipu-lagið opnar á möguleika fyrir fjölbreytta miðbæjarstarfsemi í vistlegu umhverfi. Með deiliskipulag-inu er lögð áhersla á að draga jákvæða umhverfisþætti inn í bæjarmyndina þannig að bærinn njóti góðs af sérkennum sínum.

Deiliskipulagsbreytingin hefur hlotið meðferð skv. 41. og 42. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.
Deiliskipulagsbreytingin öðlast þegar gildi.

Selfossi, 20. júní 2014.

Bárður Guðmundsson, skipulags- og byggingarfulltrúi.

B-deild – Útgáfud.: 30. júní 2014